

## 6. fundur 2014

Haldinn að Breiðabliki 28.apríl 2014

Mættir:

Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson, Hrefna Birkisdóttir, Þröstur Aðalbjarnarson og Svanur Guðmundsson í forföllum Sigurðar Hreinssonar

### 1. mál

Ársreikningur 2013 – fyrri umræða

Konráð Konráðsson endurskoðandi mætti á fundinn og skýrði ársreikninginn 2013.

Reikningurinn er samþykktur til seinni umræðu.

### 2. mál

Sveitarstjórn barst viljayfirlýsing frá Sigurði Hreinssyni og Félagsbúinu Miðhrauni 2 sf. Þess efnis að ganga til samningaviðræðna við sveitarfélagið um sölu á þeirra hlut í Hitaveitu Eyja-og Miklaholtshrepps til sveitarfélagsins.

Halldóri og Presti falið að leiða viðræður við Félagsbúið í þessum efnum.

### 3.mál

Bréf Skipulagsstofnunar

#### A. Múlavirkjun

Bréf lagt fram frá Skipulagsstofnun er varðar Múlavirkjun. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa og skipulagsnefndar. Skipulagsfulltrúi fær heimild hreppsnefndar að leita sér faglegrar ráðgjafar hjá Ívari Pálssyni eða öðrum til að ná lyktum í málinu.

#### B. Aðalskipulag.

Þröstur vísar af fundi vegna vanhæfis.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu Guðrúnar Jónsdóttur um að taka G-ið af uppdrættinum en halda svæðinu dökkgrænu, þ.e. sem „opnu svæði til sérstakra nota“.

### 4. mál

Bréf Umhverfisráðuneytisins um aðalskipulagið.

Bréfinu svarað með tilliti til afgreiðslu málsins í 3. máli B liðs

5. mál stöðvun framkvæmda við hitaveitulögn – árétting fyrri ákvörðunar- staðfesting ákvörðunar skipulagsfulltrúa.

Ákvörðun skipulagsfulltrúa samþykkt.

Halldór og Svanur véku af fundi.

#### 6. Önnur mál

Afgreiðsla stjórnar FSSF á erindi sveitarstjórnar EogM um að fá fulla aðgengi að Félags-og skólaþjónustu Snæfellinga.

Stjórn FSSF lýsir ánægju sinni með erindið og samþykkir það einróma, gert er ráð fyrir að staðfesting hveirrar sveitarstjórnar byggðasamlagsins á samþykkt þessari verði lögð fyrir aðalfund þess sem haldinn verður í maí n.k.

Íbúaskrá lögð fram. Heildaríbúafjöldinn er 149.

Fleira ekki gert og fundargerð lesin.